

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 351/92****frá 13. febrúar 1992****um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91 <sup>(2)</sup> fjallar um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Villa er í 2. mgr. 1. gr. í þýsku útgáfunni af þeirri reglugerð. Ráðstöfun þar er ekki í samræmi við þá ráðstöfun sem var

borin undir álit þar til bærrar nefndar. Af þeim sökum ber að leiðrétta þýsku útgáfuna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í reglugerð (EBE) nr. 3664/91 er 2. mgr. 1. gr. leiðrétt á eftirfarandi hátt: (Þessi leiðrétting snertir einungis þýsku útgáfuna).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Hún kemur til framkvæmda 17. desember 1991.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1991, bls. 53.